

Almennir skilmálar Faxaflóahafna sf. um lóðaúthlutun og lóðagjöld

Breytingartillaga

- Skilmálar um greiðslu lóðagjalda eru á þá leið að lóðarhafi (kaupandi) greiðir staðfestingargjald sem er 25% í Sundahöfn og á Grundartanga en 50% í Gömlu höfninni og eftirstöðvar á skuldabréfi, sem FFH gefa út, með 10 afborgunum á 6 mánaða fresti.
- Eðlilegra er (og það sem almennt tíðkast í dag) að lóðarhafi/kaupandi fjármagni kaupin í gegnum fjármálafyrirtæki. Fjármögnun er ekki starfsemi FFH.
- Breytingartillagan er sú að falla frá greiðslufyrirkomulagi með staðfestingargjaldi og skuldabréfi en gera þess í stað ráð fyrir staðgreiðslu.

Grein 2.3 í skilmálum frá nóv 2013 er þannig

2.3. Staðfestingargjald vegna lóða í Sundahöfn og á Grundartanga, sem er 25% af heildarlóðagjaldi ásamt virðisaukaskatti af heildarlóðagjaldi, ber að greiða innan mánaðar frá úthlutun. Eftirstöðvar greiðast með veðskuldabréfi á 1. veðrétti í viðkomandi lóð sem lóðarhafi skal gefa út fyrir afhendingu lóðarinnar. Skuldabréfið skal vera verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs (grunnvísitala samkvæmt samningi) með 10 afborgunum á 6 mánaða fresti.

Staðfestingargjald vegna lóða í Gömlu höfninni sem er 50% af heildarlóðagjaldi ásamt virðisaukaskatti af heildarlóðagjaldi, ber að greiða innan mánaðar frá úthlutun. Eftirstöðvar greiðast með veðskuldabréfi á 1. veðrétti í viðkomandi lóð sem lóðarhafi skal gefa út fyrir afhendingu lóðarinnar. Skuldabréfið skal vera verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs (grunnvísitala samkvæmt samningi) með 10 afborgunum á 6 mánaða fresti. Að auki skal lóðarhafi greiða gatnagerðargjald til Reykjavíkurborgar, sem greiða skal samkvæmt gjaldskrá og reglum borgarinnar á hverjum tíma.

Lóðarhafi skal innan 3ja mánaða leggja byggingarnefndarteikningar fyrir byggingarnefnd Reykjavíkurborgar.

Hafi staðfestingargjald ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá tilkynningu um greiðslu fellur úthlutunin úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um.

Verður þannig:

2.3. Lóðagjald ásamt virðisaukaskatti ber að greiða innan mánaðar frá úthlutun. Vegna lóða í Gömlu höfninni skal lóðarhafi að auki greiða gatnagerðargjald til Reykjavíkurborgar, sem greiða skal samkvæmt gjaldskrá og reglum borgarinnar á hverjum tíma.

Lóðarhafi skal innan 3ja mánaða leggja byggingarnefndarteikningar fyrir byggingarnefnd Reykjavíkurborgar.

Hafi lóðagjald ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá tilkynningu um greiðslu fellur úthlutunin úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um.